

Gústaf Adolf Andersen (1905-1982), málari

2020/52

Gústaf Adolf Andersen fæddist 23. október 1905 á Akureyri og lést 25. desember 1982 í Keflavík.

Faðir hans hét Hermann Andersen f. um 1870 í Noregi d.d. óþekktur. Móðir hans hét Guðrún Aðalheiður Kristjánsdóttir f. 7.5.1873 d. 10.12.1948.

Gústaf var eina barn foreldra sinna, sem slitu samvistum þegar Gústaf var mjög ungur. Guðrún móðir Gústafs veiktist svo af berklum og því fór Gústaf í fóstur fjögurra ára gamall til Ólafs Þórðarsonar og Guðbjargar Jósefsdóttur og bjó hjá þeim til 14 ára aldurs.

14 ára fluttist hann til Þórunnar og Hallgríms Kristjánsbarna, frændsystkina sinna. Þegar Hallgrímur kvæntist bjó Gústaf áfram hjá frænda sínum.

Gústaf fór að vinna hjá Hallgrími frænda sínum í Akureyrarbíói, síðan Nýjabíó, fyrst sem sætavísir og síðan sem dyravörður. Þegar hann hafði aldur til lærði hann til sýningarmanns. Einnig lærði hann málaraíðn hjá Hallgrími sem var málarameistari. Gústaf fór til Danmerkur til að fullnema iðnina og var þar í eitt ár.

1954 fluttist Gústaf til Keflavíkur vegna samdráttar í málaraíðninni og vann þar sem málari nánast óslitið fram til 1981. Árin 1954-1982 var hann einnig sýningarmaður hjá Félagsbíói Keflavíkur og meðfram því kenndi hann mörgum piltum að sýna kvikmyndir og veitti tveimur fullnaðarkennslu.

Gústaf var giftur Sveinlaugu Halldórsdóttur og var giftingardagur þeirra 10.október 1931. Gústaf og Sveinlaug áttu þrjú börn, ein son og tvær dætur.

Afhending þessi barst frá Rósu Andersen, dóttur Gústafs, þetta er fyrsta afhendingin sem safninu berst frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
6. nóvember 2020

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

A-Gústaf Adolf Andersen

A-Gústaf Adolf Andersen

A	1	1	1930 - 1939	Leyfisbréf, iðnbréf og umsókn um meistarabréf
---	---	---	-------------	-----------------------------------------------